

Útgáfa 1.0
13.09.2023

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN
ALMANNAVARNA

Viðbragðsáætlun vegna eldgosa norðan Vatnajökuls



Ríkislögreglustjóri

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra
Almannavarnarnefndin í umdæmi LSNE

**Viðbragðsáætlun – vegna eldgosa
norðan Vatnajökuls**

**Athugasemdir við áætlunina skal
senda til Almannavarnadeildar
ríkislögreglustjóra í netfangið
almannavarnir@almannavarnir.is**

EFNISYFIRLIT – KAFLASTKIPTI

1.0 INNGANGUR	4
2.0 STAÐHÆTTIR	5
2.1 HOLUHRAUN	5
2.2 ASKJA	6
2.3 KVERKFJÖLL	7
2.4 KRAFLA	8
3.0 SKILGREININGAR	9
3.1 VIRKJUN	9
3.5 AFBODUN	10
3.8 SKAMMSTAFANIR	11
4.0 BOÐUN	12
4.1 ÓVISSUSTIG	13
4.2 HÆTTUSTIG	14
4.3 NEYÐARSTIG	15
5.0 STJÓRNKERFI	16
5.1 GRUNNEININGAR, HLUTVERK OG TENGINGAR STJÓRNKERFISINS	16
5.2 AÐGERÐASTJÓRN - AST	17
5.3 VERKÞÁTTASKIPURIT FYRIR AÐGERÐASTJÓRN	18
5.4 VETTVANGSSTJÓRN - VST	19
5.5 VERKÞÁTTASTJÓRAR	20
5.6 VERKÞÁTTASKIPURIT FYRIR VETTVANGSSTJÓRN	21
5.7 SAMHÆFINGARSTÖÐIN - SST	22
5.8 FJÖLMIDLAR	22
6.0 STARFSSVÆÐI	23
6.1 MÓTTÖKUSTAÐUR BJARGA - MÓT	24
6.2 BIÐSVÆÐI Á VETTVANGI - BF, BH OG BTB	25
6.4 HAMFARASVÆÐI OG NÆSTA NÁGRENNI - SLY	26
6.7 GÆSLUSTÖRF Á VETTVANGI	27
6.9 FJÖLDAHJÁLPARSTÖÐ - FHS	28
6.10 TALNING/SKRÁNING	29
7.0 LOKANIR OG RÝMINGAR	30
7.1 LOKANIR	30
7.2 RÝMINGAR	31
8.0 VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA	32
8.1 NEYÐARLÍNAN 112	33
8.2 FJARSKIPTAMIÐSTÖÐ RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA - FML	34
8.3 SAMHÆFINGARSTÖÐIN - SST	35
8.4 AÐGERÐASTJÓRN - AST	36
8.5 VETTVANGSSTJÓRN - VST	37
8.6 LÖGREGLAN Á NORÐURLANDI EYSTRA - LSNE	38
8.7 LÖGREGLAN Á AUSTURLANDI OG SUÐURLANDI	39
8.8 SVÆÐISSTJÓRNIR Á SVÆÐUM 11 OG 12 (SVÆÐISSTJÓRN 13 FÆR BOÐ EN HEFUR EKKI FORSKRIFAÐ HLUTVERK ANNAÐ EN AÐ FYLGJAST MEÐ OG VERA TIL TAKS)	40
8.9 BJÖRGUNARSVETIRNAR ÞINGEY OG STEFÁN Á SVÆÐI 12	41
8.10 LANDHELGISGÆSLAN	42
8.11 RAUÐI KROSSINN Á ÍSLANDI	43
8.12 VEDURSTOFAN	44
8.13 VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR / LANDVERÐIR / GÍGUR-GESTASTOFA	45
8.14 SKÁLAVERÐIR	46
8.15 JARÐVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS	47
8.16 VEGAGERÐIN	48
9.0 FJARSKIPTI	49
10.0 KORT - TETRASENDAR	50
11.0 DREIFINGARLISTI	52
12.0 BREYTINGASAGA	52

1.0 Inngangur

Viðbragðsáætlun þessi segir fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða í kjölfar eldgoss sem áhrif geta haft á svæðið norðan Vatnajökuls í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Hún er unnin af Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra, Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, og almannavarnanefnd umdæmisins.

Markmið áætlunarinnar eru að tryggja skipulögð viðbrögð vegna eldgoss norðan Vatnajökuls. Til að tryggja sem best að þolendum berist öll nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma. Viðbragðsáætlunin er til leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð en felur ekki í sér endanleg fyrirmæli. Þannig getur lögreglustjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, í samvinnu við Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra bera ábyrgð á virkni áætlunarinnar. Þessir aðilar vinna saman að uppfærslum og lagfæringum á henni en ritstjórn er á ábyrgð almannavarnadeildar. Áætlunin skal uppfærð á a.m.k. þriggja ára fresti en boðunarlista hjá Neyðarlínunni skal uppfæra eins oft og þörf krefur og eigi sjaldnar en árlega.

Á sama hátt skal Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, í samvinnu við Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, beita sér fyrir því að allir þættir áætlunarinnar séu æfðir að minnsta kosti á fimm ára fresti. Einnig skal hann stuðla að reglubundnum æfingum einstakra verkþátta.

Allir sem tengjast áætluninni skulu taka saman verkáætlun með gátlistum um það hvernig þeir leysa þau verkefni sem þeim eru falin skv. 8. kafla. Uppfærsla gátlista er á ábyrgð viðkomandi starfseininga.

Áætlunin miðast við verkþáttaskipunir SÁBF vegna aðgerða á slysavettvangi.

Við gerð áætlunarinnar er stuðst við ákvæði eftirfarandi laga með síðari breytingum:

Lög um almannavarnir nr. 82/2008.

Viðbragðsáætlunin tekur þegar gildi.

Akureyri 13. september 2023

Áætlunin er undirrituð rafrænt af

Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra sem jafnframt er
formaður almannavarnanefndar í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra
og
Ríkislögreglustjóra

2.0 Staðhættir

2.1 Holuhraun

Holuhraun myndaðist í eldgosi sem hófst þann 29. ágúst 2014 og stóð gosið með smá hléum í næstum hálft ár og er eldgosið er með stærri hraungosum á Íslandi á sögulegum tíma.

Þann 31. ágúst hófst mun stærra gos en í upphafi og gaus á um 1.500 metra langri gossprungu og risu kvikustrókar í allt að hundrað metra hæð þegar mest var.

Atburðarásin sem leiddi til eldgossins hófst með öflugri jarðskjálftahrinu í Bárðarbungu um miðjan ágúst 2014 með hundruðum jarðskjálfta sá stærsti varð 26. ágúst, 5,7 að stærð.

Hraunið sem myndaðist í gosinu er um 40 metra af þykkt þar sem það er hæst en meðalþykkt þess er 10 – 14 metrar. Hraunið þekur 85 ferkílómetra lands og er rúmmál þess um 1,4 rúmkílómetrar.

Loftmengun af völdum gossins er sú mesta sem orðið hefur frá Skaftáreldum og mældist styrkur gastegunda hár víða á landinu á meðan á gosi stóð.

Gera má ráð fyrir því ef gos hæfist aftur í Holuhrauni að það yrði með svipuðum hætti og gosið 2014 og því gæti fylgt eins og þá mikil gasmengun sem gæti skapað hættu sé fólk á svæðinu.

2.2 Askja

Askja í Dyngjufjöllum er virk eldstöð sem gaus síðast 1961. Í Dyngjufjöllum eru taldar vera þrjár öskjur sem eru hver ofan í annarri. Yngsta askjan myndaðist í stórgosi sem varð 1874 -1875 og þá myndaðist Öskjuvatn sem er annað dýpsta vatn á Íslandi um 220 metra djúpt.

Meginaskjan er um 45 ferkílómetrar en askjan sem geymir Öskjuvatn er um 11 ferkílómetrar.

Landhæðamælingar í Öskju sýndu fram á 150 cm sig á 15 ára tímabili fram til 2021. Landris hefur verið við Öskju frá í ágúst 2021 og land hefur risið þar um 70 cm (ágúst 2023) og talið er að kvika sé að safnast fyrir á tveggja til þriggja kílómetra dýpi.

Sprungusveimur Öskjukerfisins er 150 – 160 km langur og 5 – 20 km breiður.

Hraungos eru algengust í Öskju en þar geta líka orðið sprengigos en þau eru sjaldgæf. Verði hefðbundið hraungos í Öskju eru ekki miklar líkur á því að áhrifanna gæti í byggð en verði gosið á háannatíma ferðapjónustu getur talsverður fjöldi fólks verið á svæðinu, utan þess tíma er ólíklegt að fólk sé í miklum mæli á staðnum.

Verði hins vegar sprengigos getur áhrifanna gætt víðar af því og einnig getur skapast meiri hættu á nær svæði gossins ef fólk er á svæðinu þar sem akstursleiðir til byggða gætu orðið illfærar sökum öskufalls.

Við Drekgil er Vatnajökulspjóðgarður með landvörslu og Ferðafélag Akureyri með ýmsa þjónustu og viðveru yfir sumartímann, almennt frá seinni hluta júní og fram til loka september.

2.3 Kverkfjöll

Kverkfjöll eru virk megineldstöð í jaðri Vatnajökuls og er sprungusveimur kerfisins 90 -100 km langur og teygir sig norður um Krepputungu og allt norður í Möðrudal.

Talið er að forsögulegt stórgos í Kverkfjöllum hafi valdið jökulhlaupum sem grafið hafi Jökulsárgljúfur og Ásbyrgi.

Gossaga Kverkfjalla er ekki vel þekkt en talið er að gosið hafi þar síðast árið 1929.

Í Kverkfjöllum er Ferðafélag Austurlands með skála, Sigurðarskála, þar sem fjöldi fólks er almennt í gistingu yfir sumartímann. Þar er einnig tjaldstæði. Vatnajökulspjóðgarður er með landvörð að störfum yfir sumarmánuðina.

Í Hvannalindum, á leiðinni upp í Kverkfjöll, er Vatnajökulspjóðgarður með starfsemi yfir sumartímann.

2.4 Krafla

Krafla er eldstöðvakerfi með megineldstöð á norðaustan verðu landinu með miðju skammt norðaustan Mývatns. Eldstöðvakerfið er um 100 km. langt og um 10 km. breitt askjan er um 10 km. breið. Norður af henni er allmikill sigdalur, Gjástykki.

Mest virkni hefur verið í grennd við öskjuna og suður af henni á svæðinu austan Mývatns. Kerfið teygir sig þó langt til norðurs, alla leið til sjávar í Axarfirði og þekja nútímahraun stóran hluta þess.

Kröflukerfið er mjög vel rannsakað vegna eldsumbrotanna sem þar urðu árin 1975-84. Aðdragandinn var mikil jarðskjálftavirkni sem hófst haustið 1974 og ágerðist stöðugt. Mest skjálftavirknin var norðan til í kerfinu, í Kelduhverfi. Hámarki náðu þessir skjálftar 13. janúar 1976 með 6,5 stiga skjálfta á Richter í grennd við Kópasker. Þá þegar hafði orðið lítið eldgos við Kröflu og ljóst var að rek- og goshrina var hafin í kerfinu.

Í Bjarnarflagi, sem er jarðhitasvæði skammt austan Reykjahlíðar, starfrækir Landsvirkjun Kröflustöð og er aðkoma að henni frá Hringveginum austan við Námaskarð.

3.0 Skilgreiningar

3.1 Virkjun

Viðbragðsáætlunina er hægt að virkja á óvissu, hættu og neyðarstigi .

Forsendur virkjunar liggja í samráði lögreglu og Almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra. Þeir sem heimild hafa til að virkja áætlunina eru :

- Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra
- Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra

Einungis aðgerðastjórn (AST) og samhæfingastöðin (SST) hafa heimild til þess að afboða eða breyta háskastigum eftir að viðbragðsáætlun hefur verið virkjuð. AST og SST hafa samráð um afboðun eða breytingar á háskastigum.

AST tilkynnir afboðun og breytingar á háskastigi sem tilkynna afboðunina eða breytinguna til Neyðarlínu sem sér um framkvæmd hennar og sendir tilkynningu þar um. AST tilkynnir auk þess um afboðun á viðeigandi fjarskiptum til þeirra viðbragðsaðila sem hafa verið virkjaðir.

3.2 ÓVISSUSTIG

Skilgreining:

Ef heilsu og öryggi manna, umhverfis eða byggðar er ógnað af náttúru- eða mannavöldum þó ekki svo alvarlegar að um neyðarástand sé að ræða

Umfang þar sem daglegar bjargir í umdæminu sinna atvikinu.

Viðbrögð:

Tilteknir aðilar, sem skilgreindir eru í boðunargrunni Neyðarlínunnar 112, sinna verkskyldum samkvæmt áætlun þessari. (sjá kafla 8)

3.3 HÆTTUSTIG

Skilgreining:

Ef heilsu og öryggi manna, umhverfis eða byggðar er ógnað af náttúru- eða mannavöldum þó ekki svo alvarlegar að um neyðarástand sé að ræða

Umfang þar sem daglegar bjargir í umdæminu sinna atvikinu.

Viðbrögð:

Tilteknir aðilar, sem skilgreindir eru í boðunargrunni Neyðarlínunnar 112, sinna verkskyldum samkvæmt áætlun þessari. (sjá kafla 8)

3.4 NEYÐARSTIG

Skilgreining:

Þegar slys eða hamfarir hafa orðið eða þegar heilbrigðisöryggi manna er ógnað.

Viðbrögð:

Tilteknir aðilar, sem skilgreindir eru í boðunargrunni Neyðarlínunnar 112, sinna verkskyldum samkvæmt áætlun þessari. (sjá kafla 8)

3.5 Afboðun

SST tilkynnir afboðun og breytingar á háskastigi í samráði við lögreglustjóra til Neyðarlínu sem sér um framkvæmd hennar og sendir tilkynningu þar um. AST tilkynnir auk þess um afboðun á viðeigandi fjarskiptum til þeirra viðbragðsaðila sem hafa verið virkjaðir.

3.8 Skammstafanir

AST	Aðgerðastjórn /-stjóri
BF	Biðsvæði flutningstækja
BH	Biðsvæði hjálparliðs
BTB	Biðsvæði tækja og búnaðar
F	Verkpátturinn Flutningar
G	Verkpátturinn Gæslustörf
IL	Innri lokun
L og B	Verkpátturinn Leit og björgun
MÓT	Móttökustaður fyrir bjargir
RKÍ	Rauði krossinn á Íslandi
SÁBF	Stjórnun – Áætlun – Bjargir - Framkvæmd
SLY	Slysstaður / slysavettvangur
SSA	Söfnunarsvæði aðstandenda
SSL	Söfnunarsvæði látinna
SSS	Söfnunarsvæði slasaðra
SST	Samhæfingarstöðin
VST	Vettvangsstjórn / -stjóri
VÞS	Verkpáttastjórar
YL	Ytri lokun

4.0 Boðun

Neyðarlínan 112 annast boðun samkvæmt áætlun þessari eftir beiðni eins af eftirtöldum aðilum:

- Lögreglustjóri á Norðurlandi eystra
- Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra

Þegar ákveðið er að virkja viðbragðsáætlunina skulu ofnagreiindir aðilar afla frekari upplýsinga til ákvarðanatöku um háskastig og upplýsa Neyðarlínu til boðunar:

Neyðarlínu skal þá boða út skv. gildandi boðunaráætlun og hvaða háskastig skuli virkja:

- **ÓVISSUSTIG**
- **HÆTTUSTIG**
- **NEYÐARSTIG**

Neyðarlínan/FMR tryggja boðun með SMS, boða og koma upplýsingum til bjarga á leið á vettvang á TETRA samkvæmt fjarskiptaplani.

SST tilkynnir afboðun og breytingar á háskastigi til Neyðarlínu, sem tilkynnir afboðunina til viðbragðsaðila. AST tilkynnir auk þess um afboðun á viðeigandi fjarskiptum til þeirra viðbragðsaðila sem hafa verið virkjaðir.

4.1 Óvissustig**Neyðarlína 112 boðar:
ÓVISSUSTIG**

Aðrir / Fjarskiptastofa / NÖF hópur
Aðrir / Veðurstofa Íslands / Eldgos
Aðrir / Vegagerðin / Norðursvæði - Húsavík
Aðrir / Vegagerðin / Vaktstöð Suður
Aðrir / Ýmsir aðilar NSR / Forstjórar og öryggistjórar
Aðrir / Míla / NÖF hópur
Aðrir / Neyðarlínan / NÖF hópur
Aðrir / Nova / NÖF hópur
Aðrir / Orkufjarskipti / NÖF hópur
Aðrir / Síminn / NÖF hópur
Aðrir / Vodafone / NÖF hópur
Almannavarnir / AV Norðurland eystra / Aðgerðarstjórn ALNEY Húsavík
Almannavarnir / AV Suðurland / Aðgerðastjórn Suðurlandi
Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Afrit Hópur 2-Áhöfn
Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Bakvakt almannavarnadeildar RLS
Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Hópur 1-Starfsmenn RLS
Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Hópur 2-Áhöfn
Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Vatnajökulsþjóðgarður - Bárðarbunga
Almannavarnir / Náttúruhamfaratrygging Íslands - NTÍ / Vettvangsteymi
Almannavarnir / RÚV – Rekstrardeild / RÚV tæki
Björgunarsveitir / 11-SVSTJ / Útkall
Björgunarsveitir / 12-SVSTJ / Útkall
Björgunarsveitir / 13-SVSTJ / Útkall
Björgunarsveitir / Skrifstofa / b. útkallshópur
Flug / Isavia höfuðstöðvar / Vegna eldgosa Isavia
LHG / Landhelgisgæslan / LHG-Útkallslið LHG
Læknar / Sóttvarnalæknar / Sóttvarnalæknir
Lögregla / 06 FMR / Vegna boðanaáætlana
Lögregla / 316 Norðurland Eystra / GSM - Varðstjórásími Akureyri
Lögregla / 316 Norðurland Eystra / Lögreglumenn Húsavík
Lögregla / 316 Norðurland Eystra / Yfirstjórn
Lögregla / 317 Austurland / Yfirmenn

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

4.2 Hættustig**Neyðarlína 112 boðar:
HÆTTUSTIG**

Aðrir / Fjarskiptastofa / NÖF hópur
Aðrir / Veðurstofa Íslands / Eldgos
Aðrir / Vegagerðin / Norðursvæði - Húsavík
Aðrir / Vegagerðin / Vaktstöð Suður
Aðrir / Ýmsir aðilar NSR / Forstjórar og öryggisstjórar
Aðrir / Míla / NÖF hópur
Aðrir / Neyðarlínan / NÖF hópur
Aðrir / Nova / NÖF hópur
Aðrir / Orkufjarskipti / NÖF hópur
Aðrir / Síminn / NÖF hópur
Aðrir / Vodafone / NÖF hópur
Almannavarnir / AV Norðurland eystra / Aðgerðarstjórn ALNEY Húsavík
Almannavarnir / AV Suðurland / Aðgerðastjórn Suðurlandi
Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Afrit Hópur 2-Áhöfn
Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Bakvakt almannavarnadeildar RLS
Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Hópur 1-Starfsmenn RLS
Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Hópur 2-Áhöfn
Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Samráðshópur áfallahjálpar SST
Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Vatnajökulspjóðgarður - Bárðarbunga
Almannavarnir / Náttúruhamfaratrygging Íslands - NTÍ / Vettvangsteymi
Almannavarnir / RÚV – Rekstrardeild / RÚV tæki
Björgunarsveitir / 11-SVSTJ / Útkall
Björgunarsveitir / 12-STEFÁN-MÝVATN / Útkall
Björgunarsveitir / 12-SVSTJ / Útkall
Björgunarsveitir / 12-ÞINGEY-LJÓSAVATN / Útkall
Björgunarsveitir / 13-SVSTJ / Útkall
Björgunarsveitir / Landsstjórn / b. útkallshópur
Björgunarsveitir / Skrifstofa / Útkall
Flug / Isavia höfuðstöðvar / Vegna eldgosa Isavia
LHG / Landhelgisgæslan / LHG-Útkallslið LHG
Læknar / Sóttvarnalæknar / Sóttvarnalæknir
Lögregla / 06 FMR / Vegna boðanaáætlana
Lögregla / 316 Norðurland Eystra / GSM - Varðstjórasiðmi Akureyri
Lögregla / 316 Norðurland Eystra / Lögreglumenn Húsavík
Lögregla / 316 Norðurland Eystra / Yfirstjórn
Lögregla / 317 Austurland / Yfirmenn

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

4.3 Neyðarstig


Neyðarlína 112 boðar: NEYÐARSTIG

Aðrir / Fjarskiptastofa / NÖF hópur
Aðrir / Veðurstofa Íslands / Eldgos
Aðrir / Vegagerðin / Norðursvæði - Húsavík
Aðrir / Vegagerðin / Vaktstöð Suður
Aðrir / Ýmsir aðilar NSR / Forstjórar og öryggisstjórar
Aðrir / Míla / NÖF hópur
Aðrir / Neyðarlínan / NÖF hópur
Aðrir / Nova / NÖF hópur
Aðrir / Orkufjarskipti / NÖF hópur
Aðrir / Síminn / NÖF hópur
Aðrir / Vodafone / NÖF hópur
Almannavarnir / AV Norðurland eystra / Aðgerðarstjórn ALNEY Húsavík
Almannavarnir / AV Suðurland / Aðgerðastjórn Suðurlandi
Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Afrit Hópur 2-Áhöfn
Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Bakvakt almannavarnadeildar RLS
Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Hópur 1-Starfsmenn RLS
Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Hópur 2-Áhöfn
Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Samráðshópur áfallahjálpar SST
Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Vatnajökulspjóðgarður - Bárðarbunga
Almannavarnir / Náttúruhamfaratrygging Íslands - NTÍ / Vettvangsteymi
Almannavarnir / RÚV – Rekstrardeild / RÚV tæki
Björgunarsveitir / 11-SVSTJ / Útkall
Björgunarsveitir / 12-STEFÁN-MÝVATN / Útkall
Björgunarsveitir / 12-SVSTJ / Útkall
Björgunarsveitir / 12-ÞINGEY-LJÓSAVATN / Útkall
Björgunarsveitir / 13-SVSTJ / Útkall
Björgunarsveitir / Landsstjórn / b. útkallshópur
Björgunarsveitir / Skrifstofa / Útkall
Flug / Isavia höfuðstöðvar / Vegna eldgosa Isavia
LHG / Landhelgisgæslan / LHG-Útkallslið LHG
Læknar / Sóttvarnalæknar / Sóttvarnalæknir
Lögregla / 06 FMR / Vegna boðanaáætlana
Lögregla / 316 Norðurland Eystra / GSM - Varðstjórasiðmi Akureyri
Lögregla / 316 Norðurland Eystra / Lögreglumenn Húsavík
Lögregla / 316 Norðurland Eystra / Yfirstjórn
Lögregla / 317 Austurland / Yfirmenn

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

5.0 Stjórnkerfi

5.1 Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnerfisins



5.2 Aðgerðastjórn - AST

Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjóra í viðkomandi lögregluumdæmi. Lögreglustjóri eða fulltrúi hans situr í AST ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands, hlutaðeigandi viðbragðsaðila, sbr. viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. AST starfar í samvinnu við SST. Í stjórn aðgerða felst m.a. skipulag björgunar- og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í samvinnu við SST.

Lögreglustjóri tilnefnir vettvangsstjóra er fari með stjórn og samhæfingu á vettvangi.

AST er skipuð:

- Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra eða þeim sem hann tilnefnir - **aðgerðastjóri**
- Fulltrúi slökkviliðs
- Fulltrúa svæðisstjórnar björgunarsveita
- Fulltrúa RKÍ
- Fulltrúa frá Heilbrigðisstofnun
- Fulltrúi frá Vatnajökulspjóðgarði

AST skal huga að starfsliði til að sinna eftirtöldum verkefnum:

- Símsvörun
- Skráningu og almennri ritvinnslu og meðferð upplýsinga
- Fjarskiptum

Helstu verkefni AST:

- Stjórn, samhæfing og forgangsörðun heildaraðgerða innan aðgerða svæðis
- Endurmat á háskastigi og umfangi
- Samskipti við VST
- Samskipti við SST
- Virkjun starfseininga innan umdæmisins, umfram áætlun þessa
- Sjá um heildarskipulag fjarskipta og annarra samskipta innan aðgerða svæðis
- Hafa samskipti við sjúkrastofnanir innan aðgerða svæðis
- Hafa samskipti við SST
- Hafa samskipti við fjölmiðla (sjá 5.8)
- Hafa samskipti við söfnunarsvæði aðstandenda(SSA)
- Vinna samkvæmt verkþáttaskipuritinu fyrir AST


Aðsetur AST:

Aðalaðsetur: Norðurgarður 5, Húsavík

Varaaðsetur: Hjalteyrargata 12, Akureyri

5.3 Verkbáttaskipurit fyrir aðgerðastjórn

Verkaskipting er samkvæmt verkbáttaskipuriti fyrir AST. Aðgerðastjóri getur breytt verkaskiptingu ef hann telur þörf á.



5.4 Vettvangsstjórn - VST

Ef þurfa þykir skal skipa vettvangsstjóra til að stýra aðgerðum á vettvangi, þetta gæti t.d. átt við í þeim tilfellum að rýma þyrfti ákveðin byggðarlög, bjarga þyrfti fólki og/eða búpeningi af lokuðum svæðum eða slys yrðu á fólki.

Heildarstjórn aðgerða á vettvangi samkvæmt áætlun þessari er í höndum vettvangsstjóra í umboði lögreglustjóra. Vettvangsstjóri kemur að jafnaði úr röðum lögreglunnar. Hann skal hafa þjálfun og reynslu af vettvangsstjórn, sé þess kostur.

Vettvangsstjórn verður á sjá hér að neðan, til þess að stýra þar aðgerðum undir stjórn AST. Ef samband rofnar við vettvangsstjórnir munu þær taka að sér hlutverk aðgerðastjórnar, hver á sínu svæði.

VST er að jafnaði skipuð fulltrúum frá:

- Lögreglunni, vettvangsstjóri
- Slökkviliði
- Svæðisstjórn björgunarsveita - svæði 12

Vettvangsstjóri skal skipta verkefnum milli aðila í VST eftir aðstæðum hverju sinni.

Mikilvæg verkefni VST:

- Heildarstjórn og samhæfing aðgerða á vettvangi í samræmi við verkþáttaskipunir SÁBF skv. umboði lögreglustjóra
- Að tryggja fjarskipti við aðgerðastjórn og aðra verkþáttastjóra samkvæmt fjarskiptaplan
- Skipulagning fjarskipta á vettvangi
- Að tryggja fjarskipti við AST

Aðsetur VST:

Aðsetur: Samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra

5.5 Verkpáttastjórar

Á hverju starfssvæði og við hvern verkpátt starfa margar verkeiningar eða starfsstéttir. Nauðsynlegt er að samhæfa störf þeirra og er það hlutverk verkpáttastjóranna, en þeir eru milli stjórnendur sem stýra og samhæfa verkþætti á vettvangi í umboði vettvangsstjóra.

Verkpáttastjórar	Aðilar sem skipa verkpáttastjóra	Vinnusvæði
Björgunarstjóri	Slökkvilið/björgunarsveit	Við slysstað
Aðhlynningarstjóri	Heilbrigðisstofnun	Við söfnunarsvæðin
Gæslustjóri	Lögreglan á Norðurlandi eystra	Hreyfanlegur eftir þörfum
Flutningastjóri	Björgunarsveitir	Hreyfanlegur eftir þörfum

Fyrstu verk allra verkpáttastjóra eru að:

- Hafa samband við VST og fá fyrirmæli.
- Fá yfirsýn yfir bjargir (mannskap og tæki) sem koma og meta hvort þær nægja.
- Skipa sér undirstjórnendur, aðstoðarmenn og útdeila verkefnum.

Björgunarstjóri stjórnar og samhæfir starfsemi þ.á.m. slökkvistörf, bráðaflokkunarsvæði og bráðaflokkun.

Hann skal jafnframt:

- Ákveða bráðaflokkunarsvæði í öruggri fjarlægð frá slysstað.
- Tryggja fjarskipti frá slysstað til vettvangsstjóra og að SSS.
- Fylgjast með talningu þolenda skv. bráðaflokkun á slysstað og upplýsir Gæslustjóra.
- Setja fólk í hleðslu sjúkrabíla og annarra sjúkraflutningstækja.

Aðhlynningarstjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á SSS. Fyrsta verk aðhlynningarstjóra er að undirbúa móttöku á þolendum frá slysstað. Hann skal jafnframt:

- Undirbúa söfnunarsvæði slasaðra fyrir móttöku slasaðra SSS.
- Setja upp áverkamatssvæði fyrir framan SSS.
- Setja fólk í skráningu við áverkamat.
- Tryggja fjarskiptasamband við slysstað, greiningarsveit.
- Tryggja fjarskipti við fulltrúa heilbrigðismála í AST og SST.


Gæslustjóri stjórnar og samhæfir umferðarstjórn á vettvangi og verndun og gæslu allra starfssvæða á vettvangi. Hann skal jafnframt:

- Setja upp innri lokun við slysstað.
- Tryggja að fyrir fram ákveðnir lokunarpóstar séu uppsettir.
- Ræða við vettvangsstjórn um þörf á umferðarstjórnun og framkvæmd hennar.
- Setja upp SSL.
- Umsjón með talningu þolenda og setja upp skipulag fyrir talningu.
- Vernda starfssvæði, eftir því sem þess er óskað.
- Skipulag akstursleiða.

Flutningastjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á móttökustað, biðsvæðum og nýtingu flutningatækja. Hann hefur umsjón með framkvæmd sjúkraflutninga og flutningi á óslösuðum. Hann skal jafnframt:

- Skrá inn allar bjargir og hafa yfirsýn yfir þær.
- Ræða við VST um flutningsþörf og flutningsleiðir.
- Útvega bíla í flutninga frá slysstað til söfnunarsvæða.
- Gæslustjóri veitir upplýsingar um aksturleiðir.

5.6 Verkpáttaskipurit fyrir vettvangsstjórn



5.7 Samhæfingarstöðin - SST

- Halda uppi virku sambandi við AST.
- Skipuleggja stuðning við AST og útvega bjargir utan umdæmis skv. beiðni hverju sinni.
- Skipuleggja og stjórna flutningi slasaðra milli umdæma.
- Sjá um heildarsamræmingu aðgerða á milli umdæma, sem m.a. felst í að halda uppi virku sambandi við:
 - Höfuðstöðvar þeirra viðbragðsaðila sem eru við störf.
 - Þær fjöldahjálparstöðvar sem virkjaðar eru utan umdæmis.
 - Þau sjúkrahús sem taka á móti slösuðum.
 - Þær ríkisstofnanir sem veita aðstoð.
 - Erlendar björgunarmiðstöðvar, eftir þörfum.

5.8 Fjölmiðlar

Hverjir sinna þeim.

Fjórar meginstarfseiningar koma að samskiptum við fjölmiðla.

- Lögreglustjóri / AST (stjórnandi aðgerðarinnar)
- SST (samhæfing aðgerða)

Að jafnaði getur SST aðstoðað lögreglustjóra / AST í samskiptum við fjölmiðla, fyrst um sinn.

Mikilvægt er að fulltrúar lögreglustjóra eigi samráð vegna samskipta við fjölmiðla meðan á aðgerðinni stendur og hugsanlega eftir að henni lýkur.

Helstu verkefni:

- Eins fljótt og auðið er skal senda fréttatilkynningu til fjölmiðla og síðan reglulega eftir því sem þurfa þykir.
- Tilnefna skal einn tengilið við fjölmiðla.
- Ákvarða skal fasta tíma til að senda út upplýsingar um stöðu mála.
- Sé þess kostur skal ákvarða stað þangað sem fjölmiðlar geta komið og fengið upplýsingar.

Aðgengi að vettvangi:

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um aðgengi fjölmiðla að vettvangi.

Upplýsingar um afdrif þolenda:

Upplýsingar um afdrif þeirra, sem lenda í slysi, eru á ábyrgð lögreglustjóra.

Lögregla:

Lögreglan sér um upplýsingar.

6.0 Starfssvæði

Í þessum kafla er fjallað um starfssvæðin sem þarf að skipuleggja. Það er ljóst að ef ekki er um að ræða slys, þar sem margir eru slasaðir, mun ekki verða þörf á að virkja öll starfssvæðin. Engu að síður þarf að gera ráð fyrir þeim í skipulaginu og frekar að virkja þau frá upphafi og síðan að loka þeim ef ekki reynist þörf fyrir þau en að ætla að ákveða í miðri aðgerð hvað á að virkja og hvað ekki.

Einnig er hér fjallað um verkefni og lokanir sem ekki er hægt að setja niður sem ákveðið starfssvæði.

Starfsvæðum má skipta í tvo megin flokka. Söfnunarsvæði, sem ætluð eru þolendum óhappsins, og biðsvæði sem ætluð eru þeim björgum er bíða eftir verkefnum eða hafa lokið sínum verkefnum og bíða eftir því að vera leystar frá störfum. Um nánari skilgreiningar á starfssvæðum og verkefnum, sem nefnd eru í þessum kafla, vísast til vettvangsstjórnarheftis almannavarna.

Söfnunarsvæði fyrir þolendur

Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

Söfnunarsvæði látinna (SSL)

Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Fjöldahjálparstöð (FHS)

Biðsvæði fyrir bjargir

Biðsvæði hjálparliðs (BH)

Biðsvæði tækja & búnaðar (BTB)

Móttaka bjarga (MÓT)

6.1 Móttökustaður bjarga - MÓT

Starfsemi: Staður þar sem bjargir tilkynna sig til skráningar inn á svæðið í verkefni, ýmist með því að mæta á staðinn eða tilkynna sig í gegnum fjarskipti og fá staðfestingu á ákvörðunarstað.

Staðsetning : Samkvæmt ákvörðun VST.

Verkbáttastjóri: Flutningastjóri

Hverjir sinna: Björgunarsveitir

Verkefni og verkaskipting

Skráning allra bjarga, tegund sveitar, stærð og kallmerki: „Stjórnandi MÓT“

Staðfesting á hvert hver verkeining skal fara til starfa: Svæðisstjórn björgunarsveita

Upplýsa bjargir um varðaðar akstursleiðir: Lögregla

Kortatákn:

Móttökustaður

MÓT

6.2 Biðsvæði á vettvangi - BF, BH og BTB

Starfsemi: Staðir sem bjargir bíða frekari fyrirmæla eða á meðan þær eru í hvíld. Þaðan eru bjargir sendar í verkefni samkvæmt fyrirmælum frá VST. Halda þarf skrá um allar bjargir í samvinnu við **MÓT**. Biðsvæði geta verið innan eða utan við ytri lokun (innri- eða ytri- biðsvæði).

Staðsetning : Samkvæmt ákvörðun VST í samráði við flutningastjóra.

Verkpáttastjóri: Flutningastjóri

Hverjir sinna: Björgunarsveitir

Verkefni og verkaskipting:

Umsjón og eftirlit með hjálparliði á biðsvæði	Lögregla / björgunarsveitir
Virkjun hjálparliðs til verkefna skv. beiðni	Lögregla / björgunarsveitir
Skráning flutningatækja og flutningsgetu	Lögregla / björgunarsveitir
Umsjón og eftirlit virkjun flutningatækja til verkefna	Lögregla / björgunarsveitir
Skráning tækja og búnaðar á biðsvæði	Lögregla / björgunarsveitir
Sending tækja og / eða búnaðar skv. beiðni	Lögregla / björgunarsveitir

Kortatákn:

Biðsvæði

Flutningstækja

BF

Biðsvæði

hjálparliðs

BH

Biðsvæði

tækja og búnaðar

BTB

6.4 Hamfarasvæði og næsta nágrenni - SLY

<u>Starfsemi:</u>	Björgun fólks úr hættu, bráðaflokkun, umönnun og undirbúningur fyrir flutning á SSS til áverkamats.
<u>Staðsetning land:</u>	Afmarkast oft af innri lokun.
<u>Verkpáttastjóri:</u>	Björgunarstjóri
<u>Aðrir stjórnendur:</u>	Þegar stjórnandi greiningarsveitar eða hans staðgengill mætir á staðinn gefur hann sig fram við björgunarstjóra og tekur yfir stjórnun á bráðaflokkun og forgangsöröðun.
<u>Hverjir sinna:</u>	Slökkvilið . Lögreglan. Greiningarsveit. Björgunarsveitir.

Verkefni og verkaskipting

Slökkvistörf, eld- og mengunarvarnir	Slökkvilið
Lífsbjargandi aðstoð	Slökkvilið/greiningarsveitir/sjúkraflutningslið/björgunarsveitir
Bráðaflokkun	Greiningarsveitir/sjúkraflutningslið/björgunarsveitir
Umönnun þolenda	Greiningarsveitir/sjúkraflutningslið/björgunarsveitir/RKÍ
Hleðslustjórn	Yfirmaður greiningarsveitar /björgunarsveitir
Hleðsla sjúkrabifreiða	Sjúkraflutningslið/björgunarsveitir
Talning í flutningi á SSS	Gæslustjóri/lögreglan
Flutningur slasaðra til SSS.	Sjúkraflutningslið/björgunarsveitir

Kortatákn:

6.7 Gæslustörf á vettvangi


<u>Starfsemi:</u>	Lokun svæða fyrir umferð, verndun vettvangs og gæsla eftir þörfum á starfssvæðum og biðsvæðum, skipulagning á umferðarstjórn, umsjón með SSL og talning.
<u>Verkpáttastjóri:</u>	Gæslustjóri
<u>Ytri lokun:</u>	Eftir ákvörðun gæslustjóra.
<u>Innri lokun:</u>	Eftir ákvörðun gæslustjóra.
<u>Hverjir sinna:</u>	Lögreglan á Norðurlandi eystra. Björgunarsveitir.

Verkefni og verkaskipting

Uppsetning á innri lokun við slyssstað	Lögreglan
Verndun vettvangs vegna rannsóknar	Lögreglan
Skipulag á umferðastjórn og lokunum innan vallar	Lögreglan/Björgunarsveitir
Umsjón með söfnunarsvæði látinna	Lögreglan
Framkvæmd á gæslu einstakra starfssvæða	Lögreglan
Löggæsla og verndun á slysavettvangi	Lögreglan
Löggæsla og verndun á söfnunarsvæði	Lögreglan/Björgunarsveitir
Ytri lokanir	Lögreglan/Björgunarsveitir
Leiðbeina og stjórna umferð frá biðsvæði á slyssstað	Lögreglan /Björgunarsveitir


Kortatákn:

Innri lokun



Afmarkar þau svæði sem eru algjörlega lokuð öðrum en neyðarþjónustuaðilum.

Ytri lokun



Afmarkar umráða- og starfssvæði vettvangsstjórnar.

6.9 Fjöldahjálparstöð - FHS

<u>Starfsemi:</u>	Staður þar sem óslösuðum þolendum og aðstandendum er safnað saman til upplýsingagjafar, skráningar og áfallahjálpar. Sameining aðstandenda og þeirra sem komust óslasaðir frá slysinu.
<u>Staðsetning:</u>	Samkvæmt ákvörðun AST
<u>Ábyrgð:</u>	AST
<u>Aðrir stjórnendur:</u>	Yfirmaður neyðarnefndar Rauða kross deildar stjórnar innri starfsemi á SSA í umboði AST og upplýsir AST um stöðu mála hverju sinni.
<u>Hverjir sinna:</u>	Rauða kross deildir. Áfallateymi. Heilbrigðisstofnun. Starfsmenn þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga.

Verkefni og verkaskipting

Almenn aðstoð við þolendur í kjölfar atburðar	RKÍ/prestar/
Almenn sálgæsla huggun og andleg uppörvun	RKÍ prestar
Sameining aðstandenda og lítið slasaðra	RKÍ
Fyrirgreiðsla við erlenda ríkisborgara í samvinnu við	RKÍ / utanríkisráðuneytið og / eða viðkomandi sendiráð / ræðismann

Kortatákn:

6.10 Talning/Skráning

<u>Starfsemi:</u>	Talning og staðsetning þolenda í slysinu. Hafa yfirsýn um hvar þolendur eru á hverjum tíma. Gæslustjóri eða fulltrúi hans sér um að taka saman tölur frá talningapóstum og upplýsa VST og AST um fjölda og staðsetningu.
<u>Staðsetning</u>	Talið við slysstað, inn og út af söfnunarsvæðum. Talið við flutning út fyrir YL og afrifa skilin eftir.
<u>Verkpáttarstjóri:</u>	Gæslustjóri
<u>Hverjir sinna:</u>	Lögreglan á Norðurlandi eystra. Björgunarsveitir.
<u>Kortatákn:</u>	TALNING

Á SLY

Þar fer fram bráðaflokkun og í því kerfi eru þolendur taldir eftir bráðaflokkun og gefur þetta fyrstu upplýsingar um ástand þolenda á slysstað.

Af SLY

Þar fer fram talning þeirra sem fluttir eru. Þetta gefur stöðuna á hvað margir eru á slysstað hverju sinni.

Á SSS

Þar er talið inn og út af svæðinu.

Á SSL

Þar fer fram skráning á látnum og líkamshlutum.

Af svæðinu

Þegar þolendur fara af svæðinu á sjúkrastofnanir eða önnur söfnunarsvæði utan VST skilja þeir eftir afrifur greiningarspjalda við síðasta talningapóst.

Það er hlutverk VST í samvinnu við SST að vinna úr skráningum og tryggja að vitað sé um alla sem í slysinu lentu þegar aðgerðum er lokið.


7.0 Lokanir og rýmingar

7.1 Lokanir

Þegar upp koma aðstæður þar sem óvissu- hættu eða neyðarstigi hefur verið lýst yfir á hálendinu norðan Vatnajökuls, vegna jarðhræringa eða eldgoss, þarf að huga að lokunum á svæðinu með tilliti til þess hvar hættan er mest sem og mögulegt aðgengi almennings sem ræðst mikið til af þeim árstíma sem er hverju sinni.

Hér hafa verið settar um 7 staðsetningar sem huga þarf að við þessar aðstæður og er það á ábyrgð AST að upp séu settar þær lokanir sem eiga við hverju sinni.

- | | | |
|-----|---|--|
| 1 - | Gæsavatnleið við Sprengisandsleið (F910 / F26) | Lögreglan á Suðurlandi |
| 2 - | Bárðardalur við Réttartorfu | Björgunarsveitin Þingey |
| 3 - | Bárðardalur, Lundabrekkuvegur við Svartáarkot (843) | Björgunarsveitin Þingey |
| 4 - | Mývatnssveit við Grænavatn | Björgunarsveitin Stefán, Mývatnssveit |
| 5 - | Öskjuleið við Hringveg (F-88) | Lögreglan á Norðurlandi eystra - Húsavík |
| 6 - | Austurleið við Arnardalsleið (F905 / F910) | Lögreglan á Austurlandi |
| 7 - | Kröfluvegur við Hringveg (863) | Lögreglan á Norðurlandi eystra - Húsavík |



7.2 Rýmingar

Mjög árstíðabundið er hvort að einhver starfsemi sé á hálendinu eður ei. Ef verkefnið er á þeim tíma sem ferðamenn og starfsemi sé í gangi á svæðinu þarf að huga að rýma gæti þurft allt svæðið eða eftir atvikum hluta af því.

AST á Húsavík þarf að huga að þessu í upphafi verkefna hverju sinni og skipuleggja rýmingar sé þess þörf. Taka þarf tillit til þess hvar hættan er mest og setja upp leiðaval í takt við það. Tryggja þarf strax fjarskiptasamband við þá aðila sem eru staddir á svæðinu hverju sinni, s.s. viðbragðsaðila, land- og skálaverði og upplýsa um stöðuna og fá þá til að hefja rýmingar samkvæmt ákvörðun AST.

Ef frekari þörf er á aðstoð við lokanir og rýmingar þá skal óska liðsinnis björgunarsveita.

8.0 Verkefni viðbragðsaðila

Í þessum kafla er verkefnum þeirra, sem skyldum hafa að gegna í þessari viðbragðsáætlun, gerð skil. Nauðsynlegt er að allir þekki og skilji sín verkefni.

8.1 NEYÐARLÍNAN 112	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
8.2 FJARSKIPTAMIÐSTÖÐ RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA - FML	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
8.3 SAMHÆFINGARSTÖÐIN - SST	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
8.4 AÐGERÐASTJÓRN - AST	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
8.5 VETTVANGSSTJÓRN - VST	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
8.6 LÖGREGLAN Á NORÐURLANDI EYSTRÁ - LSNE	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
8.7 LÖGREGLAN Á AUSTURLANDI OG SUÐURLANDI	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
8.8 SVÆÐISSTJÓRNIR Á SVÆÐUM 11 OG 12 (SVÆÐISSTJÓRN 13 FÆR BOÐ EN HEFUR EKKI FORSKRIFAÐ HLUTVERK ANNAÐ EN AÐ FYLGJAST MEÐ OG VERA TIL TAKS)	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
8.9 BJÖRGUNARSVEITIRNAR ÞINGEY OG STEFÁN Á SVÆÐI 12	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
8.10 LANDHELGISGÆSLAN	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
8.11 RAUÐI KROSSINN Á ÍSLANDI	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
8.12 VEÐURSTOFAN	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
8.13 VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR / LANDVERÐIR / GÍGUR-GESTASTOFA	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
8.14 SKÁLAVEÐIR	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
8.15 JARÐVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
8.16 VEGAGERÐIN	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.

8.1 Neyðarlínan 112

ÓVISSUSTIG

1. Boðar viðbragðsaðila samkvæmt boðunaráætlun

HÆTTUSTIG

1. Boðar viðbragðsaðila samkvæmt boðunaráætlun
2. Mannar borð 112 í SST

NEYÐARSTIG

1. Boðar viðbragðsaðila samkvæmt boðunaráætlun
2. Mannar borð 112 í SST

8.2 Fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra - FML

ÓVISSUSTIG

1. Fá boð og yfirfara verkefni á hættu og neyðarstigi

HÆTTUSTIG

1. Fá boð og yfirfara verkefni á neyðarstigi
2. Mannar borð FML í SST
3. Parar saman talhópana Blár 6-0 og Gulur 6-1

NEYÐARSTIG

1. Mannar borð FML í SST
2. Parar saman talhópana Blár 6-0 og Gulur 6-1

8.3 Samhæfingarstöðin - SST**ÓVISSUSTIG**

1. Fá boð starfa samkvæmt eigin viðbragði.

HÆTTUSTIG

Samhæfingarstöðin virkjuð með tilliti til stærðargráðu atburðar

1. Verkefni eru samkvæmt gátlistum
2. Heldur uppi virku sambandi við AST
3. Skipuleggur stuðning við AST og útvegir bjargir utan umdæmis skv. beiðni hverju sinni
4. Skipuleggur og stjórnar flutningi slasaðra milli umdæma
5. Sér um heildarsamræmingu aðgerða á milli umdæma sem m.a. felst í því að halda uppi virku sambandi við:

- höfuðstöðvar þeirra viðbragðsaðila sem eru við störf
- þær fjöldahjálparstöðvar sem virkjaðar eru utan umdæmis
- þau sjúkrahús sem taka á móti slösuðum
- þær ríkisstofnanir sem veita aðstoð

NEYÐARSTIG

Samhæfingarstöðin virkjuð með tilliti til stærðargráðu atburðar

1. Verkefni eru samkvæmt gátlistum
2. Heldur uppi virku sambandi við AST
3. Skipuleggur stuðning við AST og útvegir bjargir utan umdæmis skv. beiðni hverju sinni
4. Skipuleggur og stjórnar flutningi slasaðra milli umdæma
5. Sér um heildarsamræmingu aðgerða á milli umdæma sem m.a. felst í því að halda uppi virku sambandi við:

- höfuðstöðvar þeirra viðbragðsaðila sem eru við störf
- þær fjöldahjálparstöðvar sem virkjaðar eru utan umdæmis
- þau sjúkrahús sem taka á móti slösuðum
- þær ríkisstofnanir sem veita aðstoð

8.4 Aðgerðastjórn - AST

ÓVISSUSTIG

1. Fá boð yfirfara verkefni á hættu og Neyðarstigi
2. Stofna aðgerð í aðgerðagrunni

HÆTTUSTIG

1. Virkjar AST
2. Stofnar aðgerð í aðgerðagrunni
3. Skipar í stöður samkvæmt verkþáttarskipuriti SÁBF
4. Virkja fjarskiptaplan samkvæmt kafla 9
5. Lætur FMR para saman Blár 6-0 og Gulur 6-1
6. Komið á sambandi við VST, getur verið á fleiri en einum stað
7. VST falin uppsetning starfssvæða og stjórn aðgerða á sínu svæði
8. Koma á sambandi við SST
9. Koma á sambandi við staðarhaldara í Dreka, VJP og FFA
10. Huga að lokunum með tilliti til aðstæðna, sjá lokunarskjal 7.1
11. Huga að rýmingu á svæðinu með tilliti til aðstæðna
12. Tryggja aðkomu VST bíls sé þörf fyrir hann
13. Fjarskipta- og símasambönd yfirfarin og hlustun tryggð
14. Afstaða tekin til tilkynninga og neyðarupplýsinga til almennings
15. Metur hvort boða þurfi frekari bjargir, s.s. fleiri björgunarsveitir

NEYÐARSTIG

1. Virkjar AST
2. Stofnar aðgerð í aðgerðagrunni
3. Skipar í stöður samkvæmt verkþáttarskipuriti SÁBF
4. Virkja fjarskiptaplan samkvæmt kafla 9
5. Lætur FMR para saman Blár 6-0 og Gulur 6-1
6. Komið á sambandi við VST, getur verið á fleiri en einum stað
7. VST falin uppsetning starfssvæða og stjórn aðgerða á sínu svæði
8. Koma á sambandi við SST
9. Koma á sambandi við staðarhaldara í Dreka, VJP, FFA og „Kverkfjöll“
10. Huga að lokunum með tilliti til aðstæðna, sjá lokunarskjal 7.1
11. Huga að rýmingu á svæðinu með tilliti til aðstæðna
12. Tryggir aðkomu VST bíls sé þörf fyrir hann
13. Fjarskipta- og símasambönd yfirfarin og hlustun tryggð
14. Afstaða tekin til tilkynninga og neyðarupplýsinga til almennings
15. Metur hvort boða þurfi frekari bjargir, s.s. fleiri björgunarsveitir

8.5 Vettvangsstjórn - VST

ÓVISSUSTIG

1. Fá boð yfirfara verkefni á neyðarstigi

HÆTTUSTIG

1. Virkjar VST og stjórnar aðgerðum á vettvangi skv. 5.4 í viðbragðsáætlun þessari.
2. Virkjar fjarskiptaplan samkvæmt kafla 9
3. Skipar í stöður samkvæmt verkþáttarskipuriti SÁBF
4. Tryggir samskipti við AST og Verkpáttastjóra séu þeir að störfum

NEYÐARSTIG

1. Virkjar tafarlaust VST og stjórnar aðgerðum á vettvangi skv. 5.4 í viðbragðsáætlun þessari.
2. Virkjar fjarskiptaplan samkvæmt kafla 9
3. Skipar í stöður samkvæmt verkþáttarskipuriti SÁBF
4. Tryggja hlustun á AST og Verkpáttastjóra

8.6 Lögreglan á Norðurlandi eystra - LSNE

ÓVISSUSTIG

1. Fá boð yfirfara verkefni á hættu og neyðarstigi
2. Stofnar aðgerð í aðgerðagrunni

HÆTTUSTIG

1. Lögreglan sem næst er vettvangi fer á vettvang og tekur að sér vettvangsstjórn
2. Lögregla sem lengra er frá kannar hvort þörf er á frekari aðstoð
3. Sendir fulltrúa í AST
4. Tryggir að FMR pari saman talhópana Blár 6-0 og Gulur 6-1
4. Fer með vettvangsstjórn (sjá kafla 5.4 og 8.5)
5. Undirbýr loknir vega samkvæmt áætlun
6. Tilnefnir gæslustjóra (sjá kafla 5.5)
7. Virkjar fjarskiptaplan samkvæmt kafla 9

NEYÐARSTIG

1. Lögreglan sem næst er vettvangi fer á vettvang og tekur að sér vettvangsstjórn
2. Lögregla sem lengra er frá kannar hvort þörf er á frekari aðstoð
3. Sendir fulltrúa í AST
4. Fer með vettvangsstjórn (sjá kafla 5.4 og 8.5
5. Undirbýr loknir vega samkvæmt áætlun
6. Tilnefnir gæslustjóra (sjá kafla 5.5)
7. Virkjar fjarskiptaplan samkvæmt kafla 9

8.7 Lögreglan á Austurlandi og Suðurlandi

ÓVISSUSTIG

1. Fara yfir hlutverk sitt á hættu- og neyðarstigi

HÆTTUSTIG

1. Tryggir fjarskipti við AST samkvæmt fjarskiptaskipulagi
2. Sinna lokunum samkvæmt lokunarskipulagi, kafli 7.1, sé þess óskað af AST

NEYÐARSTIG

- 1 Tryggir fjarskipti við AST samkvæmt fjarskiptaskipulagi
2. Sinna lokunum samkvæmt lokunarskipulagi, kafli 7.1

8.8 Svæðisstjórnir á svæðum 11 og 12 (svæðisstjórn 13 fær boð en hefur ekki forskrifað hlutverk annað en að fylgjast með og vera til taks)

ÓVISSUSTIG

1. Fara yfir verkefni sín á hættu og neyðarstigi.

HÆTTUSTIG

1. Fara yfir verkefni sín á neyðarstigi.
2. Manna borð í AST
3. Taka stöðuna á sínum mannskap og sveitum

NEYÐARSTIG

1. Manna borð í AST
2. Sendir fulltrúa í VST
3. Taka stöðuna á sínum mannskap og sveitum og óska liðsinnis þeirra eftir þörfum

8.9 Björgunarsveitirnar Þingey og Stefán á svæði 12

ÓVISSUSTIG

1. Hafa ekki hlutverk á óvissustigi

HÆTTUSTIG

1. Fara yfir verkefni sín á hættu og neyðarstigi.
2. Sinna lokunum samkvæmt lokunar skipulagi, kafli 7.1, sé þess óskað af AST

NEYÐARSTIG

1. Sinna lokunum samkvæmt lokunarskipulagi, kafli 7.1.

8.10 Landhelgisgæslan

ÓVISSUSTIG

1. Fá boð fara yfir verkefni sín á hættu og neyðarstigi.

HÆTTUSTIG

1. Kannar stöðu á þyrlum, flugvélum og skipum gæslunnar og upplýsir SST
2. Sendir fulltrúa í SST

NEYÐARSTIG

1. Kannar stöðu á þyrlum, flugvélum og skipum gæslunnar og upplýsir SST
2. Kannar þörf hjá SST á flutningi með þyrlum, flugvél og varðskipum
3. Sendir fulltrúa í SST

8.11 Rauði krossinn á Íslandi

ÓVISSUSTIG

1. Fara yfir verkefni sín á hættu og neyðarstigi.

HÆTTUSTIG

1. Fara yfir verkefni sín á neyðarstigi.
2. Mannar borð í SST
3. Mannar borð í AST
4. Tryggir virkjun fjöldahjálparstöðva ef á þarf að halda – ákvörðun AST
5. Tryggir þjónustu vegna áfallahjálpar ef á þarf að halda

NEYÐARSTIG

1. Mannar borð í SST
2. Mannar borð í AST
3. Tryggir virkjun fjöldahjálparstöðva ef á þarf að halda – ákvörðun AST
4. Tryggir þjónustu vegna áfallahjálpar ef á þarf að halda

8.12 Veðurstofan

ÓVISSUSTIG

1. Fer yfir þau verkefni sem stofnuninni eru ætluð á hættu og neyðarstigi og tryggir að lágmarks viðbúnaðursé fyrir hendi til að sinna þeim.
2. Tekur þátt í vísindamannaráðsfundum

HÆTTUSTIG

1. Starfar samkvæmt eigin áætlun
2. Gerir hættumat og viðbragðsáætlun (skv. verkáætlun stofnunarinnar) fyrir starfsfólk sitt sem fer inn fyrir lokuð svæði og hættusvæði
3. Tekur þátt í vísindamannaráðsfundum

NEYÐARSTIG

1. Starfar samkvæmt eigin áætlun
2. Gerir hættumat og viðbragðsáætlun (skv. verkáætlun stofnunarinnar) fyrir starfsfólk sitt sem fer inn fyrir lokuð svæði og hættusvæði
3. Tekur þátt í vísindamannaráðsfundum

8.13 Vatnajökulspjóðgarður / Landverðir / Gígur-gestastofa**ÓVISSUSTIG**

1. Fer yfir þau verkefni sem stofnuninni eru ætluð á hættu og neyðarstigi og tryggja að lágmarks viðbúnaður sé fyrir hendi til að sinna þeim.
2. Landvörslustöðvar og gestastofur upplýsa ferðamenn um stöðu mála.

HÆTTUSTIG

1. Sendir fulltrúa í AST
2. Fer yfir þau verkefni sem stofnuninni eru ætluð á hættu og neyðarstigi, og tryggja að lágmarks viðbúnaður sé fyrir hendi til að sinna þeim.
3. Virkjar fjarskiptaplan áætlunarinnar
4. Tryggir samband við AST og eftir atvikum VST
5. Landvörslustöðvar og gestastofur upplýsa ferðamenn um stöðu mála
6. Tryggja samskipti við landverði
7. Afla upplýsinga um stöðuna á svæðinu og miðla til AST
 - Hvaða vegir eru opnir og færð
 - Áætlar fjölda fólks á svæðinu eins og hægt er
 - Aflar upplýsinga um fjölda í skálum, s.s. Dreka, Herðubreiðarlindum, Kverkfjöllum, Kistufelli, Bræðrafelli, Botna og Dyngjufelli
8. Fara í rýmingu verði þess óskað af AST

NEYÐARSTIG

1. Sendir fulltrúa í AST
2. Virkjar fjarskiptaplan áætlunarinnar
3. Tryggir samband við AST og eftir atvikum VST
4. Landvörslustöðvar og gestastofur upplýsa ferðamenn um stöðu mála
5. Tryggja samskipti við landverði
6. Afla upplýsinga um stöðuna á svæðinu og miðlar til AST
 - Hvaða vegir eru opnir og færð
 - Áætlar fjölda fólks á svæðinu eins og hægt er
 - Aflar upplýsinga um fjölda í skálum, s.s. Dreka, Herðubreiðarlindum, Kverkfjöllum, Kistufelli, Bræðrafelli, Botna og Dyngjufelli
7. Fara í rýmingu verði þess óskað af AST

8.14 Skálaverðir

ÓVISSUSTIG

1. Upplýsa ferðamenn um stöðu mála

HÆTTUSTIG

1. Upplýsa ferðamenn um stöðu mála
2. Tryggja samskipti við landverði og sitt bakland í byggð
3. Aðstoða við rýmingu verði þess óskað af AST

NEYÐARSTIG

1. Upplýsa ferðamenn um stöðu mála
2. Tryggja samskipti við landverði og sitt bakland í byggð
3. Aðstoða við rýmingu verði þess óskað af AST

8.15 Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands

ÓVISSUSTIG

1. Fer yfir þau verkefni sem embættinu eru ætluð á hættu og neyðarstigi og tryggir að lágmarks viðbúnaður sé fyrir hendi til að sinna þeim.
2. Skipuleggja ferðir vísindamanna sem sinna vöktun á vettvangi
3. Tekur þátt í vísindamannaráðsfundum

HÆTTUSTIG

1. Starfar samkvæmt eigin áætlun
2. Gerir hættumat og viðbragðsáætlun fyrir starfsfólk sitt sem fer inn fyrir lokuð svæði og hættusvæði
3. Skipuleggja ferðir vísindamanna sem sinna vöktun á vettvangi
4. Tekur þátt í vísindamannaráðsfundum

NEYÐARSTIG

1. Starfar samkvæmt eigin áætlun
2. Gerir hættumat og viðbragðsáætlun fyrir starfsfólk sitt sem fer inn fyrir lokuð svæði og hættusvæði
3. Skipuleggja ferðir vísindamanna sem sinna vöktun á vettvangi
4. Tekur þátt í vísindamannaráðsfundum

8.16 Vegagerðin**ÓVISSUSTIG**

1. Fer yfir þau verkefni sem henni eru ætluð á hættu og neyðarstigi og tryggir að lágmarks viðbúnaður sé fyrir hendi til að sinna þeim.

HÆTTUSTIG

1. Fulltrúi Vegagerðarinnar mætir í SST og tilkynnir vegamálastjóra og neyðarstjórn Vegagerðarinnar um atburð
2. Sér til þess að starfsmenn starfstöðva Vegagerðarinnar á Akureyri, Húsavík, Þórshöfn og Fellabæ séu í viðbragðsstöðu og kanni mögulegar hjáleiðir
3. Gerir ráðstafanir til að vera með lokunarbúnað til staðar tilbúinn til notkunar
4. Bíður fyrir mæla AST um lokanir
5. Sér til þess að til staðar í viðbragðsstöðu séu bifreiðar og vinnuvélar til að halda vegum opnum eins og hægt er
6. Heldur vegum opnum eins og hægt er og kemur fyrir lokunarbúnaði samkvæmt fyrir mælum AST/SST
7. Sér um að rjúfa vegi samkvæmt ákvörðun AST/SST og tilkynnir framgang til AST. Nákvæm staðsetning ákvarðast af Vegagerðinni í samráði við AST
8. Samkvæmt ákvörðun AST gæti verið unnið eftir verkefnum á Neyðarstigi.

NEYÐARSTIG

1. Fulltrúi Vegagerðarinnar mætir í SST og tilkynnir vegamálastjóra og neyðarstjórn Vegagerðarinnar um atburð
2. Sér til þess að starfstöðvar Vegagerðarinnar á Akureyri, Húsavík, Þórshöfn og Fellabæ séu mannaðar
3. Gerir ráðstafanir til að framkvæma lokanir
4. Bíður fyrir mæla AST um lokanir
5. Sér til þess að til staðar séu bifreiðar og vinnuvélar á mikilvægum stöðum til að halda vegum opnum eins og hægt er
6. Heldur vegum opnum eins og hægt er og kemur fyrir lokunarbúnaði samkvæmt fyrir mælum AST/SST
7. Sér um að rjúfa vegi samkvæmt ákvörðun AST/SST. Nákvæm staðsetning ákvarðast af Vegagerðinni í samráði við AST

9.0 Fjarskipti

Grunnskipulag fjarskipta er sem hér segir:

Neyðarlínan og FMR tryggja boðun og koma upplýsingum til bjarga á leið á vettvang á **TETRA talhóp Blár 6-0**

Í upphafi tilkynna allir viðbragðsaðilar sem eru á leið á vettvang sig inn á Blár 6-0 og eru á þeim talhóp þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Undantekning í þessu eru starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs, Vegagerðar og þeir sem eru ekki með aðgengi að Blár 6-0. Þeir fara á talhópinn Gulur 6-1. Aðalvarðstjóri lögreglu á Akureyri / AST tryggir í gegnum FMR að talhópar Blár 6-0 og Gulur 6-1 tengist saman.

Í upphafi er gert ráð fyrir því að einungis stjórnendur starfseininga séu í samskiptum við Neyðarlínu / FMR á talhópnum **Blár 6-0** (þannig að ekki myndist ofurálag).

Fjarskipti milli helstu stjórneininga eru sem hér segir (sjá skipurit):


Fjarskipti milli helstu stjórneininga eru sem hér segir (sjá skipurit):

- Samhæfingarstöðin og Aðgerðastjórn eru með sín samskipti á **SST-Blár**.
- Aðgerðastjórn - Vettvangsstjórn **TETRA AST- 6**
- Vettvangsstjórn - stjórnendur verkpátta **TETRA VST-6**
- Innbyrðis fjarskipti innan einstakra verkpátta ákvarðast eftir aðstæðum (TETRA og VHF)
- Aðhlynningsstjóri er í sambandi við AST og SST varðandi sjúkraflutninga á **Blár 6-5** eftir því sem við á (SST getur fært verkefnið á annan talhóp ef álag gefur tilefni til)
- Viðbragðsstjórn Sjúkrahússins á Akureyri er með hlustun á **Blár 6-5**


Verkpáttastjórar og þeirra verkþættir nota talhópa:


Björgunarstjóri	TETRA Blár 6-1
Aðhlynningsstjóri	TETRA Blár 6-2
Gæslustjóri	TETRA Blár 6-3
Flutningastjóri	TETRA Blár 6-4

Rauði kross Íslands (fjöldahjálparstöð / SSA) er í sambandi við AST / SST á TETRA Blár 6-6



10.0 Kort - Tetrasendar





11.0 Dreifingarlisti

Þeir sem hafa hlutverk í þessari áætlun eiga að eiga útprentað eintak af henni.

Áætlunin er vistuð á heimasíðu almannavarnadeildar ríkislögreglustjórans www.almannavarnir.is

12.0 Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar / breytingar	Fært inn
1.0	17.08.23	DRÖG sett í dreifingu	HK / GK